

Borgarstjórn
15. október 2019

Viðaukatillaga borgarfulltrúa Sósíalístaflokks Íslands um fyrirvara við samþykkt samkomulags ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu um skipulag og fjármögnun uppbyggingar á samgönguviðmiðum á höfuðborgarsvæðinu til 2033

Borgarstjórn Reykjavíkur samþykkir sáttmála ríkisins og sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu um uppbyggingu á samgönguinnviðum og almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu, með eftirfarandi fyrirvörum. Í fyrsta lagi að fallið verði frá öllum fyrirætlunum um flýti- og umferðargjöld, eða svokölluðum veggjöldum sama hvaða nöfnum þau kunna að nefnast. Í öðru lagi að Keldnaland verði ekki selt til hæstbjóðenda heldur úthlutað til húsbyggjenda, verkamannabústaða, byggingarsamvinnufélaga, þar með talið byggingarsamvinnufélaga leigjenda og annarra sem hafa áhuga á að byggja sér húsnæði þar. Í þriðja lagi að lagt verði meira í Borgarlínu og strætó og að tryggt verði að almenningssamgöngur verði byggðar upp samkvæmt væntingum þeirra sem nota þær.

Greinargerð:

Uppbygging almenningssamgangna er jákvæður þáttur sem fulltrúar Sósíalístaflokks Íslands telja að sameiginlegir sjóðir okkar; skattarnir eigi að greiða fyrir. Á undanförunum áratugum hefur sköttum verið létt af hátekjufólki og fjármagnseigendum og skattbyrðin færð yfir á lágtækjufólk. Slíkt hefur leitt til þess að okkur skortir fjármagn til greiðslu nauðsynlegra innviðauppbyggingar. Veggjald sem er föst krónutala, leggst með mestum þunga á lágtækjufólk. Í stað þess væri t.d. hægt að taka upp kerfi eins og kílómetragjald, þar sem viðkomandi greiðir gjald eftir því hvað hann hefur ekið marga kílómetra. Inn í það væri hægt að innleiða ákveðið gjald fyrir bensínbíla, vistvæna bíla o.s.frv. Í þá gjaldskrá mætti einnig setja inn ákvæði um að hinir tekjulægstu greiði aldrei meira en eitthvað ákveðið.

Útboð á lóðum eða landi leiðir til þess að svæðið fari til hæstbjóðenda. Slíkt getur haft áhrif á verðlag íbúðanna og leitt til verðhækkana fyrir þá sem koma til með að búa í þeim íbúðum sem þar verða reistar. Með lóðaúthlutun til þeirra sem koma til með að búa á svæðinu, má tryggja að húsnæðisuppbyggingin fari fram á þeirra forsendum, í stað þess að lóðir séu seldar til hæstbjóðenda, með mesta fjármagnið.

Mikilvægt er að gera almenningssamgöngum hærra undir höfði, þ.m.t. að gert verði ráð fyrir fleiri áföngum Borgarlínu. Núverandi samkomulag gerir eingöngu ráð fyrir 1. áfanga og nokkrum aukatengingum. Þá er ekki síður mikilvægt að tryggja að umræddur samningur dragi ekki úr framkvæmdum við strætóuppbyggingu sem ella hefði verið ráðist í.